

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 628/2013**

**2014/EES/12/29**

**frá 28. júní 2013**

**um starfsaðferðir Flugöryggisstofnunar Evrópu við eftirlit með stöðlun og vöktun á  
beitingu reglnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og um  
niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 736/2006 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningssflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 24. gr. og í 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 er þess krafist að Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir „Flugöryggisstofnunin“) aðstoði framkvæmdastjórnina við vöktun á beitingu ákvæða reglugerðarinnar ásamt framkvæmdarreglum hennar, með því að viðhafa eftirlit með stöðlun.
- 2) Í 4. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 er mælt fyrir um að þegar eftirlit lögbærs yfirvalds í aðildarríki felur í sér skoðun á fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja skuli Flugöryggisstofnunin fylgja ákvæðum 55. gr. reglugerðarinnar.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 736/2006 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um starfsaðferðir Flugöryggisstofnunarinnar við eftirlit með stöðlun (hér á eftir „núgildandi starfsaðferðir“).
- 4) Núgildandi starfsaðferðir voru samþykktar fyrir sex árum síðan. Umtalsverðar breytingar hafa verið samþykktar á sameiginlegu reglunum, nokkrir alþjóðasamningar hafa einnig verið samþykktir og Flugöryggisstofnunin og aðildarríkin hafa einnig öðlast dýrmæta reynslu sem nauðsynlegt er að gera grein fyrir.
- 5) Þegar reglugerð (EB) nr. 736/2006 var samþykkt voru sameiginlegar reglur á sviði almenningssflugs takmarkaðar við upphaflegt og áframhaldandi lofthæfi. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um framkvæmdarreglur

um lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 <sup>(4)</sup> er mælt fyrir um framkvæmdarreglur um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði.

- 6) Síðan þá hefur reglugerð (EB) nr. 216/2008 komið í stað reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningssflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu <sup>(5)</sup> og sameiginlegu reglurnar hafa tvisvar verið vikkaðar út: í fyrsta lagi til að taka til flugáhafnar, flugreksturs og skoðana á hlaði, í öðru lagi til að taka til rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu (ATM/ANS) ásamt öryggi á flugvöllum en í kjölfarið samþykkti framkvæmdastjórnin nokkrar framkvæmdarreglur í samræmi við þessi nýju valdsvið, t.d. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 frá 10. ágúst 2011 um ítarlegar reglur um skirteini flugumferðarstjóra og tiltekin vottorð <sup>(6)</sup>, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1034/2011 <sup>(7)</sup> þar sem mælt er fyrir um stjórnáslumeðferðir varðandi öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011 frá 17. október 2011 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar flugleiðsöguþjónustu <sup>(8)</sup>, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 frá 29. júlí 2010 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu <sup>(9)</sup>, reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnáslumeðferð á sviði flugmála <sup>(10)</sup>, sem var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 859/2008 <sup>(11)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB frá 21. apríl 2004 um öryggi loftfara frá þriðju löndum sem nota flugvelli Bandalagsins <sup>(12)</sup>, sem var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB frá 16. apríl 2008 um breytingu á II. viðauka

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 179, 29.6.2013, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 10.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 206, 11.8.2011, bls. 21.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 15.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 23.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 1.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 254, 20.9.2008, bls. 1.

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76.

við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er varðar viðmiðanir fyrir framkvæmd skoðana á hlaði á loftföllum sem nota flugvelli Bandalagsins <sup>(13)</sup>, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur <sup>(14)</sup> og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi <sup>(15)</sup>.

- 7) Í reglugerð (EB) nr. 216/2008 hafa einnig verið innleidd nokkur ný ákvæði sem þurfa að koma fram í starfsaðferðum Flugöryggisstofnunarinnar við eftirlit með stöðlun. Í 11. gr. eru einkum ákvörðuð skilyrði fyrir gagnkvæmri viðurkenningu vottorða, sem lögbær yfirvöld aðildarríkja gefa út, sem og skilyrði fyrir því að fella þessa viðurkenningu tímabundið úr gildi, en eftirlit með stöðlun er mikilvægt stjórnæki við slíka ákvarðanatöku. Með 15. gr. er komið á fót upplýsinganeti, sem veitir gagnlegar upplýsingar, sem taka þarf tillit til við eftirlit með stöðlun, á sama tíma og tiltekna niðurstöður úr slíku eftirliti með stöðlun gætu þurft að vera tiltækar fyrir þetta upplýsinganet án tafar. Í 3. mgr. 27. gr. er ákvarðað að Flugöryggisstofnunin skuli styðja aðildarríkin við að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO).
- 8) Þrátt fyrir frekari breytingar á sameiginlegu reglunum, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, skal Flugöryggisstofnunin styðja framkvæmdastjórnina við að vakta framkvæmd annarra öryggiskrafa í flugi, sem eiga t.d. rætur sínar að rekja til löggjafarinnar um samevrópskt loftrými eða löggjafarinnar um rannsóknir slysa eða tilkynningu atvika.
- 9) Síðan 2006 hefur einnig orðið umtalsverð þróun á sviði evrópskrar flugmálastefnu gagnvart þriðju löndum, bæði að því er varðar Alþjóðaflugmálastofnunina, nágrannaríki Evrópusambandsins og tiltekna lykilsamstarfsaðila á alþjóðavettvangi.
- 10) Samstarfssamkomulag á milli Evrópusambandsins og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar var undirritað 2010 <sup>(16)</sup> en það skapar ramma fyrir skipulegt samstarf á milli aðila, einkum að því er varðar upplýsingaskipti í tengslum við öryggi, með það í huga að koma í veg fyrir tvíverknað, ef unnt er, og í kjölfar þess tengjast eftirlitsáætlun Flugöryggisstofnunarinnar um stöðlun og úttektaráætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum, betur innbyrðis. Í starfsaðferðum við eftirlit með stöðlun skal einnig taka tillit til skjals Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9735 — handbók úttektaráætlunar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum um stöðuga vöktun.
- 11) Með tilliti til ríkjanna, sem fjallað er um í nágranna- og stækkunarstefnu ESB, þ.m.t. einkum ríki, sem eru aðilar að samningnum um samevrópskt flugsvæði, skal skipuleggja eftirlit með stöðlun í samræmi við sömu starfsaðferðir og í samræmi við sömu kröfur og gilda um aðildarríkin sem falla undir viðeigandi samninga eða starfsfyrirkomulag.
- 12) Að því er varðar ríki, sem hafa undirritað tvíhliða samninga um öryggi í flugi, þar sem kveðið er á um gagnkvæmt samþykki tiltekinna frávíka í tengslum við vottun og viðurkenningu, skal eftirlit með stöðlun styðja við vöktun á framkvæmd samningsins og niðurstöðurnar skulu tilkynntar tvíhliða eftirlitsnefnd með hlíðsjón af mögulegum breytingum. Eftirlit hjá þeim aðildarríkjum þar sem frávik og samþykki í tengslum við vottun eru samþykkt innan ramma tvíhliða samninganna, skal fela í sér frekari sannpröfun til að tryggja að lögbær yfirvöld gæti ábyrgðar sinnar með réttum hætti sem er til komin vegna tvíhliða samninganna.
- 13) Til að vakta með skilvirkum hætti beitingu reglugerðar (EB) nr. 216/2008, framkvæmdarreglna hennar og annarra reglna um öryggi í flugi, sem til eru komnar vegna fyrirbyggjandi reglugerða og samninga, er nauðsynlegt að endurskoða núverandi starfsaðferðir, sérstaklega til að tryggja að þær verði kerfislægari, að notuð sé stöðug vöktun sem beinist markvisst að öryggisframmistöðu, að notkun úrræða verði skilvirkari til að koma í veg fyrir ótilhlýðilegt álag fyrir lögbær yfirvöld og að innleitt verði svörunarkerfi í tengslum við reglugerðarstarfsemi Flugöryggisstofnunarinnar. Koma skal á fót eftirlitshópum, sem í situr starfsfólk með tilskilda þjálfun, menntun og hæfi, og Flugöryggisstofnunin skal leitast við að gæta þess að jafnvægi ríki í þátttöku viðurkennds starfsfólks frá mismunandi aðildarríkjum.
- 14) Starfsaðferðirnar skulu endurspeglar skilgreiningar og meginreglur um úttektir eins og þær eru skilgreindar í ISO-staðli 19011.
- 15) Þegar eftirlitsstiginu er lokið skulu starfsaðferðirnar innihalda nánari lýsingu á vöktun á kerfisstiginu og með tilliti til frávíka.
- 16) Starfsaðferðirnar skulu auka sveigjanleika Flugöryggisstofnunar til að grípa til aðgerða þegar tæknileg færni hennar réttlætir það, á sama tíma og réttarvissu, með tilliti til starfsaðferðanna, er viðhaldið.
- 17) Því ber að fella niður reglugerð (EB) nr. 736/2006 til samræmis við það.
- 18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

<sup>(13)</sup> Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 17.

<sup>(14)</sup> Stjtið. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1.

<sup>(15)</sup> Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1.

<sup>(16)</sup> Ákvörðun ráðsins 2011/531/ESB, Stjtið. ESB L 232, 9.9.2011, bls. 8.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

**Efni og gildissvið**

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um starfsaðferðir:

- við vöktun á því hvernig lögbær yfirvöld aðildarríkjanna beita reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar á þeim sviðum sem falla undir 1. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar,
- við framkvæmd eftirlits með stöðlun hjá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna,
- við sannprófun á því hvort lögbær yfirvöld aðildarríkjanna gefi út og hafi umsjón með vottorðum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar,
- þar sem stuðlað er að því að áhrif af völdum framkvæmdar lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna á reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar sé metið.

2. Starfsaðferðirnar, sem ákvarðaðar eru með þessari reglugerð, skulu einnig gilda, eftir því sem unnt er, þegar Flugöryggisstofnuninni er falið verkefnið að vakta beitingu flugöryggiskrafna, sem eru innleiddar með annarri lögjöf ESB, samninga, sem Sambandið gerir, eða starfsfyrirkomulag sem Flugöryggisstofnunin hefur tekið upp.

## 2. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „eftirlit“: eftirlit með stöðlun, sem um getur í 1. mgr. 24. gr. og 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, þ.m.t. eftirlit með fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja, sem um getur í 4. mgr. 54. gr. og 55. gr. þeirrar reglugerðar, sem Flugöryggisstofnunin annast,
- „lögbært yfirvald“: sá aðili sem aðildarríki tilnefnir sem lögbæran í tengslum við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar,
- „viðurkennt starfsfólk“: einstaklingar, sem Flugöryggisstofnunin heimilar að framkvæma eftirlit, þ.m.t. starfsfólk sem fengið er að láni,
- „starfsfólk sem fengið er að láni“: starfsfólk, sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, Alþjóðaflugmálastofnunin, aðrar alþjóðlegar flugmálastofnanir eða lögbær yfirvöld í þriðju löndum, sem hafa komist að samkomulagi við Sambandið eða samið um starfsfyrirkomulag við Flugöryggisstofnunina, útveggar og sem þessi stjórnvöld tilnefna til að aðstoða Flugöryggisstofnunina til að annast viðkomandi eftirlit,
- „sönnunargögn“: skjöl, yfirlýsingar byggðar á staðreyndum eða aðrar upplýsingar sem skipta máli og eru sannprófanlegar,

- „frávik“: niðurstaða samanburðar á tiltækum sönnunargögnum og gildandi kröfum,
- „leiðrétting“: aðgerð til að uppræta frávik sem felur í sér ósamræmi við gildandi kröfur,
- „aðgerð til úrbóta“: aðgerð til að uppræta orsök fráviks, sem felur í sér ósamræmi við gildandi kröfur, til að koma í veg fyrir endurtekningu,
- „aðkallandi öryggisvandi“: aðstæður þar sem ljóst er að framleiðsluvara, þjónusta, kerfi, kerfishluti, búnaður eða aðstaða er annaðhvort í þannig ástandi eða þannig starfrækt, afhent eða viðhaldið að líklegt sé að einstaklingar hljóti skaða af nema aðstæðurnar séu tafarlaust færðar til betra horfs.

## 3. gr.

**Meginreglur um vöktun**

- Flugöryggisstofnunin skal vakta hvernig lögbær yfirvöld beita kröfunum, sem um getur í 1. gr., sem og samræmda framkvæmd þeirra samkvæmt aðferðinni, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og skal hún leggja fram skýrslu þar um.
- Vöktunin skal vera stöðug og áhættutengt, á grundvelli þeirra upplýsinga sem Flugöryggisstofnunin hefur aðgang að. Hún skal fela í sér mat á hæfni lögbærra yfirvalda til að gæta ábyrgðar sinnar á sviði eftirlits með öryggi, að framkvæma nauðsynlegt eftirlit og fylgja eftir frávikum, sem greinast við eftirlit, til að tryggja að viðeigandi leiðréttingar og aðgerðir til úrbóta séu framkvæmdar tímanlega.
- Vöktunin skal fara fram á kerfisbundin hátt. Hún skal taka til allra sviða og mikilvægra þátta öryggiseftirlitskerfisins, eins og skilgreint er innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Veita skal tengingum á milli sviða sérstaka athygli.
- Vöktunin skal fara fram á gagnsæjan, skilvirkan, árangursríkan, samhæfðan og samræmdan hátt.
- Flugöryggisstofnunin skal greina niðurstöður eftirlitsaðgerða til að tilgreina hvar þörf er á að gera úrbætur á regluverki.

## 4. gr.

**Meginreglur sem gilda um eftirlit og frávik**

- Eftirlit lögbærra yfirvalda skal taka tillit til niðurstaðna fyrra eftirlits og taka m.a. til breytinga á kröfum samkvæmt reglum, breytinga á getu lögbærs yfirvalds til öryggiseftirlits og vera í réttu hlutfalli við umfang og flækjustig iðnaðarins, sem þau hafa eftirlit með, þar sem lögbæru yfirvöldin setja það í forgang að tryggja hátt og samræmt öryggisstig í flutningaflugi.
- Eftirlitið getur falið í sér eftirlit með fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem lögbæra eftirlitsyfirvaldið hefur umsjón með.

3. Eftirlitið getur falið í sér, þegar hlutaðeigandi aðilar hafa komið sér saman um það, eftirlit með hernaðaraðstöðu, sem er til afnota fyrir almenning, eða með þjónustu, sem hermenn veita almenningi, í þeim tilgangi að sannprófa hvort farið sé að kröfum 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 216/2008.

4. Hópurinn, sem annast eftirlitið, skal samanstanda af starfsfólki, sem Flugöryggisstofnunin hefur viðurkennt til setu í hópnum, og skal það búa yfir menntun og hæfi ásamt þjálfun á viðkomandi sviði eða sviðum. Viðurkennt starfsfólk skal beita meginreglum um sjálfstæði, ráðvendni, siðferðislega háttsemi, áreiðanleika, heiðarlega framsetningu og þagnarskyldu.

5. Komist Flugöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að eitt eða fleiri vottorð uppfylli ekki reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, skal tilkynna frávik, sem felur í sér ósamræmi, til hlutaðeigandi lögbærs yfirvalds. Þegar frávik, sem felur í sér ósamræmi, er ekki leiðrétt tímanlega skal Flugöryggisstofnunin gefa út tilmæli, skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, til að heimila ákvörðun um gagnkvæma viðurkenningu fyrrnefndra vottorða.

6. Flugöryggisstofnunin skal flokka og fylgja eftir frávikum, sem fela í sér ósamræmi og koma í ljós við eftirlitið, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., miðað við áhrif þeirra á öryggi og forgangsraða skal frávikum sem tengjast öryggi. Flugöryggisstofnunin skal einnig tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld aðildarríkjanna þegar ekki hefur fundist viðunandi lausn á öryggisvanda.

7. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á 15. og 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE<sup>(17)</sup>, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2001<sup>(18)</sup> og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2006<sup>(19)</sup>.

5. gr.

### Upplýsingaskipti

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu veita Flugöryggisstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar, sem skipta máli við öryggiseftirlit þeirra, og taka tillit til allra mikilvægra þátta í öryggiseftirlitskerfi þeirra, þ.m.t. fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem eru undir eftirliti þeirra. Upplýsingarnar skulu veittar á því formi og með þeim hætti sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir, með tilliti til upplýsinganna sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur aðgang að.

2. Flugöryggisstofnunin getur einnig óskað eftir sérstökum upplýsingum frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna. Þegar Flugöryggisstofnunin leggur fram slíka beiðni um upplýsingar skal hún tilgreina lagagrundvöll og tilgang beiðninnar, taka fram hvaða upplýsinga er krafist og innan hvaða tímamarka eigi að veita þær.

3. Flugöryggisstofnunin skal veita lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna viðeigandi upplýsingar til að styðja við samræmda framkvæmd gildandi krafna.

<sup>(17)</sup> Stjtið. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1.

<sup>(18)</sup> Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

<sup>(19)</sup> Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 8.

6. gr.

### Samræmingaraðili fyrir stöðlun í aðildarríkjunum

1. Aðildarríki skulu tilnefna eigin samræmingaraðila fyrir stöðlun, sem skal helst vera tengiliður þeirra fyrir alla stöðlunarstarfsemi og einkum til að samræma upplýsingaskiptin sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. Samræmingaraðilinn fyrir stöðlun í aðildarríkjunum skal bera ábyrgð á:

- að viðhalda og uppfæra reglulega upplýsingarnar, sem Flugöryggisstofnuninni eru veittar, þ.m.t. upplýsingar, sem óskað er eftir í samræmi við 3., 4. og 5. gr., leiðréttingar og áætlanir um aðgerðir til úrbóta ásamt sönnunargögnum um framkvæmd samþykktra aðgerða til úrbóta,
- að aðstoða Flugöryggisstofnunina á öllum stigum eftirlits og tryggja að eftirlitshópurinn fái fylgd meðan á vettvangseftirliti stendur.

2. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að skýrar boðleiðir séu á milli tilnefnds samræmingaraðila fyrir stöðlun í aðildarríkjunum og innra skipulags þeirra til að samræmingaraðilinn geti gætt ábyrgðar sinnar með viðunandi hætti.

7. gr.

### Stöðug vöktun

1. Stöðuga vöktunin, sem um getur í 3. gr., skal fela í sér eftirfarandi:

- söfnun og greiningu gagna og upplýsinga frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna, Alþjóðaflugmálastofnuninni, framkvæmdastjórninni eða öðrum viðkomandi gagnalindum,
- mat á hæfni lögbærs yfirvalds til að gæta ábyrgðar sinnar á sviði eftirlits með öryggi,
- forgangsroðun, áætlanagerð og ákvörðun á umfangi eftirlitsins, með hliðsjón af matinu sem um getur í b-lið,
- framkvæmd slíks eftirlits, þ.m.t. tengd skýrslugjöf,
- eftirfylgni og leiðréttingu frávíka sem fela í sér ósamræmi og komu í ljós við eftirlitið.

2. Við matið, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal Flugöryggisstofnunin koma á, þróa og viðhalda sameiginlegri fyrirmynd þar sem tekið er tillit til a.m.k. eftirfarandi þátta:

- umfangs og hversu flókinn flugiðnaðurinn er,
- alvarlegra flugatvika, slysa, dauðaslysa og tengdra dauðsfalla,
- niðurstöðu skoðana á hlaði,
- niðurstöðu eftirlits sem þegar hefur farið fram,
- hæfni lögbærra yfirvalda til að framkvæma leiðréttingar og aðgerðir til úrbóta með skilvirkum hætti,



- f) árangurs af úttektum sem framkvæmdar eru samkvæmt alþjóðasamningum eða áætlunum ríkis um öryggismat,
- g) hvort gerðar hafi verið ráðstafanir skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 eða skv. 258. gr. sáttmálsans.
3. Niðurstöður fyrirmyndarinnar, sem komið er á skv. 2. mgr., ílagsgögnin og matsniðurstöðurnar, skulu gerðar aðgengilegar samræmingaraðila fyrir stöðlun í hlutaðeigandi aðildarríki.
4. Flugöryggisstofnunin skal breyta eftirlitsáætluninni í ljósi stöðugar vöktunar, þannig að hún endurspegli bæði úrbætur á öryggisframmistöðu og hrakandi stöðu hennar. Flugöryggisstofnunin skal grípa til viðeigandi aðgerða þegar sýnt hefur verið fram á að öryggisframmistöðu hefur hrakað.

8. gr.

**Eftirlitsáætlun**

1. Flugöryggisstofnunin skal, í samstarfi við framkvæmdastjórnina, koma á fót áætlun til margra ára, þar sem tilgreint er eftirlitið, sem um getur í a-lið 1. mgr. 10. gr., og ársáætlun sem og eftirlitið sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 10. gr.
2. Í eftirlitsáætlunum skal tilgreina eitt eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríki, tegund eftirlits, sviðið, sem eftirlitið varðar, og fyrirhugaðan tímaramma fyrir vettvangsáfangu, með tilliti til fyrirmyndarinnar sem um getur í 7. gr.
3. Flugöryggisstofnunin getur breytt eftirlitsáætluninni, með tilliti til aðsteðjandi áhættu, sem kemur í ljós við stöðugu vöktunina sem um getur í 7. gr.
4. Ársáætlunin skal send til framkvæmdastjórnarinnar, þeirra sem sitja í stjórn Flugöryggisstofnunarinnar, sem er liður í starfsáætlun Flugöryggisstofnunarinnar, samkvæmt c-lið 2. mgr. 33. gr reglugerðar (EB) nr. 216/2008, og samræmingaraðila fyrir stöðlun í hlutaðeigandi aðildarríki.

9. gr.

**Eftirlitssvið**

1. Flugöryggisstofnunin skal framkvæma eftirlit sem tekur til hvers sviðs sem skilgreint er í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Þessi svið fela í sér eftirfarandi:
- a) lofthæfi, eins og það er skilgreint í 5. gr., og umhverfisvernd, eins og hún er skilgreind í 6. gr. fyrirnefndrar reglugerðar,
- b) flugáhöfn, eins og hún er skilgreind í 7. og 8. gr. fyrirnefndrar reglugerðar,
- c) flugrekstur, eins og hann er skilgreindur í 8. og 9. gr. fyrirnefndrar reglugerðar,
- d) skoðanir á hlaði, eins og þær eru skilgreindar í 10. gr. fyrirnefndrar reglugerðar,
- e) flugvelli, eins og þeir eru skilgreindir í 8. gr. a í fyrirnefndri reglugerð,

- f) rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónusta, eins og þær eru skilgreindar í 8. gr. b og c í fyrirnefndri reglugerð.

Heimilt er að skilgreina önnur svið með hliðsjón af þróun reglugerðar (EB) nr. 216/2008 eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar.

2. Flugöryggisstofnunin skal tryggja að öll úrræði hennar séu notuð á viðeigandi hátt við vöktun og eftirlit á mismunandi sviðum, með hliðsjón af niðurstöðum stöðugar vöktunar sem um getur í 7. gr.

10. gr.

**Tegundir eftirlits**

1. Flugöryggisstofnunin skal framkvæma:
- a) yfirgrípsmikið eftirlit í þeim tilgangi að annast eftirlit á einu eða fleiri sviðum og skal þetta eftirlit fara fram með reglulegu millibili á grundvelli niðurstöðu stöðugar vöktunar,
- b) markvisst eftirlit í þeim tilgangi að annast eftirlit á tilteknum sviðshlutum innan eins eða fleiri sviða og/eða í þeim tilgangi að meta hver sé staða framkvæmdar á samþykktum leiðréttingum og samþykktum aðgerðum til úrbóta,
- c) sérstakt eftirlit í þeim tilgangi að rannsaka sérstök athugunarefni, sem koma upp í kjölfar stöðugar vöktunar Flugöryggisstofnunarinnar eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar.
2. Þrátt fyrir eftirlitið, sem um getur í 1. mgr., er Flugöryggisstofnuninni heimilt að hefja vinnu við að leiðrétta frávik, sem koma ekki í ljós á vettvangi, þegar hún hefur safnað nægilegum sönnunargögnum um ósamræmið.

11. gr.

**Viðmiðanir fyrir þjálfun, menntun og hæfi og umboð eftirlitshópa**

1. Flugöryggisstofnunin skal ákvarða viðmiðanir fyrir menntun og hæfi starfsfólks sem tekur þátt í eftirlitshópum.
2. Viðmiðanir fyrir menntun og hæfi skulu fela í sér:
- a) þekkingu á stofnana- og regluramma, einkum þessarar reglugerðar og viðeigandi alþjóðasamninga,
- b) þekkingu og reynslu á aðferðum við úttekt,
- c) tæknilega færni og hagnýta reynslu á viðeigandi sviði eða sviðum sem um getur í 9. gr.
3. Velja skal hópstjóra úr röðum starfsfólks Flugöryggisstofnunarinnar. Til viðbótar við viðmiðanirnar um menntun og hæfi, sem um getur í 2. mgr., skulu hópstjórar hafa menntun og hæfi til að stýra hópi og hafa samskipti í alþjóðlegu umhverfi sem og við viðkvæmar aðstæður.
4. Þeir sem sitja í hópnum skulu vera úr röðum starfsfólks Flugöryggisstofnunarinnar eða starfsfólk sem fengið er að láni.

5. Bæði hópstjórar og þeir sem sitja í hópnum skulu hljóta þjálfun í að nota gildandi kröfur og verklagsreglur Flugöryggisstofnunarinnar. Flugöryggisstofnunin skal tryggja að hópstjórar og þeir sem sitja í hópnum búi stöðugt yfir hæfni til að taka þátt í eftirliti sem viðurkennt starfsfólk. Í þeim tilgangi skal Flugöryggisstofnunin koma á fót viðeigandi símenntunaráætlunum.

6. Flugöryggisstofnunin getur heimilað starfsfólki, sem uppfyllir viðmiðanir um menntun og hæfi og hefur hlotið viðeigandi þjálfun, að taka þátt í eftirlitshópum.

12. gr.

#### Skipun í eftirlitshópa

1. Flugöryggisstofnunin skipar í hópana, sem framkvæma eftirlitið, og í þeim sitja viðurkenndir starfsmenn skv. 11. gr.

2. Flugöryggisstofnunin skal ákvarða samsetningu hópsins til að koma á fót þeirri lágmarksstærð hóps sem er nauðsynleg til ráða við þá tæknilegu færni og vinnuálag sem gerð er krafa um, með tilliti til tegundar eftirlits, umfangs, fjölda sviða, sem taka þarf til athugunar, og fyrirhugaðrar áætlunar. Í hverjum hópi skal vera að lágmarki hópstjóri og einn annar aðili. Í öllum tilvikum skal Flugöryggisstofnunin tryggja að stærð hópsins sé í samræmi við umfang eftirlitsins.

3. Þegar Flugöryggisstofnunin skipar í hópana skal hún tryggja að ekki verði neinir hagsmunaárekstrar, hvorki við lögbær yfirvöld né við fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem eru undir eftirliti.

4. Flugöryggisstofnunin skal á tilskildum tíma, áður en eftirlitið hefst, óska eftir upplýsingum frá yfirvöldum eða stofnunum, þar sem starfsfólk var fengið að láni, að því er varðar tiltækileika þeirra sem sitja í hópnum til að taka þátt í vettvangsáfanganum.

5. Kostnaður við þátttöku samræmingaraðila fyrir stöðlun í hverju aðildarríki fyrir sig, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 19. gr., og starfsfólks, sem fengið er að láni til að starfa við eftirlit, sem framkvæmt er af hálfu Flugöryggisstofnunarinnar, hvílir á Flugöryggisstofnuninni, í samræmi við reglur Sambandsins, án þess að það hafi áhrif á árlega fjárlagagerð Sambandsins.

13. gr.

#### Framkvæmd eftirlits

1. Eftirlitið, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 10. gr., skal fela í sér eftirfarandi áfanga:

- undirbúningsáfangi sem varir í a.m.k. 10 vikur áður en eftirlitið fer fram,
- vettvangsáfangi,
- skýrslugjafaráfanga sem varir að hámarki í 10 vikur eftir að vettvangsáfangi lýkur.

2. Tilkynna skal hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum um sérstaka eftirlitið, sem um getur í c-lið 1. mgr. 10. gr., með tveggja vikna fyrirvara en ekki er nauðsynlegt að halda sig innan tímarammans eða fara að verklagsreglunum, sem kveðið

er á um í 14., 15. og 16. gr., að undanskildu því að nauðsynlegt er að semja lokaskýrslu.

3. Frávik, sem fela í sér ósamræmi og koma í ljós við eftirlitið, sem um getur í 10. gr., skal tilkynna, í samræmi við 16. gr., frávikunum skal fylgja eftir og þau til lykta leidd, í samræmi við 17. gr., ásamt því að þau eru flokkuð í samræmi við 18. gr.

14. gr.

#### Undirbúningsáfangi

1. Meðan á eftirliti innan undirbúningsáfangans stendur skal Flugöryggisstofnunin:

- tilkynna lögbæru yfirvaldi um eftirlitið, a.m.k. 10 vikum áður en vettvangsáfanginn hefst, þ.m.t. um fyrirhugaða tegund eftirlits, um eitt eða fleiri svið og -sviðshluta þar sem eftirlit verður framkvæmt,
- afla nauðsynlegra upplýsinga til að undirbúa eftirlitið, með því að taka tilhlýðilegt tillit til upplýsinganna sem eru tiltækar úr stöðugri vöktun,
- skilgreina gildissvið, umfang og áætlun eftirlitsins, þ.m.t. eftirlit með fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja, með tilliti til upplýsinga úr stöðugri vöktun,
- ákvarða stærð og samsetningu eftirlitshópsins.

2. Þegar tilkynning um eftirlit berst skal lögbært yfirvald starfa með Flugöryggisstofnuninni til að undirbúa vettvangsfasann eins fljótt og auðið er. Ef nauðsynlegt þykir er heimilt að skipuleggja undirbúningsfund eftirlitshópsins og samræmingaraðila fyrir stöðlun í hverju aðildarríki fyrir sig.

3. Flugöryggisstofnunin skal gefa lögbæru yfirvaldi upplýsingar um eftirlitsáætlunina og samsetningu hópsins a.m.k. tveimur vikum áður en vettvangsáfanginn hefst.

15. gr.

#### Vettvangsáfangi

1. Meðan á eftirliti innan vettvangsáfangans stendur skal Flugöryggisstofnunin:

- skipuleggja upphafsfund með samræmingaraðilanum fyrir stöðlun í hverju aðildarríki fyrir sig og lögbæra yfirvaldinu sem er undir eftirliti,
- fylgja eftir frávikum, sem fela í sér ósamræmi, í fyrri, ófrágengnum eftirlitsaðgerðum, og endurskoða samsvarendi leiðréttingar og aðgerðir til úrbóta,
- tilkynna lögbæru yfirvaldi um hvers konar aðkallandi öryggisvanda, komi hann í ljós meðan á eftirliti stendur,
- á lokafundi, leggja fyrir lögbæra yfirvaldið, sem er undir eftirliti, skrá yfir bráðabirgðafrávik, sem fela í sér ósamræmi og koma í ljós eða er fylgt eftir meðan á eftirlitinu stendur.

2. Enn fremur er Flugöryggisstofnuninni heimilt:

- að skoða aðalskrifstofur og, eftir því sem þurfa þykir, allar svæðisskrifstofur lögbæra yfirvaldsins og hæfra aðila, sem lögbæra yfirvaldið hefur úthlutað verkefnum,

- b) að skoða fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, sem eru undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins, sem er hluti af eftirliti með þessu lögbæra yfirvaldi en í slíku tilviki er lögbæra yfirvaldinu heimilt að fylgja eftirlitshópnum,
- c) að taka viðtöl við starfsfólk lögbæra yfirvaldsins og hæfra aðila, sem eru undir eftirliti, ef um það er að ræða, og fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja, sem eru heimsótt, ef einhver eru,
- d) að skoða löggjöf, verklagsreglur, vottorð, skrár, gögn og hvers konar annað efni sem máli skiptir.

16. gr.

**Skýrslugjafaráfangi**

1. Meðan á skýrslugjafaráfanganum stendur skal Flugöryggisstofnunin, innan sex vikna frá því að vettvangsáfangi lýkur, endurskoða bráðabirgðafrávik, flokka þau og á þessum grundvelli gera drög að skýrslu og senda til lögbæra yfirvaldsins sem var undir eftirliti.
2. Skýrsludrögin skulu a.m.k. innihalda:
  - a) samantekt þar sem niðurstöðurnar eru settar fram,
  - b) upplýsingar um framkvæmd eftirlitsins, þ.m.t. tegund eftirlits, sviðin, sem eftirlitið tekur til, umfang eftirlitsins og samsetningu hópsins,
  - c) greiningu, eftir því hversu þýðingarmiklir þættirnir eru, með áherslu á mikilvægustu frávikin,
  - d) skrá yfir frávik, sem fela í sér ósamræmi og koma í ljós eða er fylgt eftir, meðan á eftirlitinu stendur, ásamt flokkun frávikanna,
  - e) tilmæli, þ.m.t. ef nauðsyn krefur, gagnkvæma viðurkenningu á vottorðum.
3. Tilkynna skal frávik, sem fela í sér ósamræmi, með skýrsludrögunum, sem um getur í 2. mgr., nema Flugöryggisstofnunin hafi þegar tilkynnt um þau, skriflega eða með öðrum hætti.
4. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að leggja skriflegar athugasemdir fyrir Flugöryggisstofnunina innan tveggja vikna frá tilkynningunni.
5. Flugöryggisstofnunin skal, innan tíu vikna frá lokafundi, gefa út lokaskýrslu á grundvelli skýrsludraganna, sem um getur í 2. mgr., þar sem fram koma athugasemdir, ef einhverjar eru, lögbæra yfirvaldsins sem var undir eftirliti. Flugöryggisstofnunin getur breytt lýsingu á frávikum, sem felur í sér ósamræmi, lagagrundvelli þess, flokkun eða stöðu, eins og við á, til að taka tillit til athugasemda og leiðréttinga eða aðgerða til úrbóta, sem lagðar eru fram meðan á skýrslugjafaráfanganum stendur.
6. Flugöryggisstofnunin skal koma á og viðhalda stöðufirliti yfir stöðuga vöktun í hverju aðildarríki og skal, að fenginni beiðni, veita hlutaðeigandi aðildarríki og framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar.
7. Senda skal lokaskýrsluna til lögbæra yfirvaldsins, sem var undir eftirliti, og til framkvæmdastjórnarinnar, sem getur síðan í kjölfarið sent þessa skýrslu til hlutaðeigandi aðildarríkis og annarra lögbærra yfirvalda, eins og við á.

17. gr.

**Frávikum fylgt eftir og þau til lykta leidd**

1. Lögbært yfirvald skal leggja til leiðréttingu og aðgerð til úrbóta, að því er varðar öll frávik, sem fela í sér ósamræmi og flokkast samkvæmt b- og c-lið 1. mgr. 18. gr., eigi síðar en fjórum vikum eftir að tilkynning frá Flugöryggisstofnuninni hefur verið móttækin.
2. Lögbært yfirvald skal leggja til aðgerð til úrbóta, að því er varðar öll frávik, sem fela í sér ósamræmi og flokkast samkvæmt a-lið 1. mgr. 18. gr., eigi síðar en tíu vikum eftir að tilkynning frá Flugöryggisstofnuninni hefur verið móttækin.
3. Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni, á tilskildum tíma, um að lokið hafi verið við aðgerðir til úrbóta og leggja fram sönnunargögn því til stuðnings.
4. Flugöryggisstofnunin skal:
  - a) meta leiðréttingarnar og aðgerðir til úrbóta, sem lögbæra yfirvaldið leggur fram, eða óska tímanlega eftir frekar skýringum,
  - b) samþykkja eða hafna leiðréttingunum og/eða aðgerðum til úrbóta, sem lagðar eru fram, innan 16 vikna frá því að tilkynning barst,
  - c) vakta með fullnægjandi hætti framkvæmd aðgerða til úrbóta,
  - d) gera grein fyrir því hvort þörf sé á viðbótaraðgerðum í samræmi við 22. gr.,
  - e) tilkynna lögbæra yfirvaldinu og framkvæmdastjórninni reglulega með stöðuskýrslum um stöðu frávikanna, sem fela í sér ósamræmi, og um tilheyrandi leiðréttingar/aðgerðir til úrbóta,
  - f) leiða til lykta frávik, sem fela í sér ósamræmi, þegar hún telur að aðgerðum til úrbóta hafi verið lokið með fullnægjandi hætti og sönnunargögn hafi verið lögð fram því til stuðnings, ásamt því að skrá að frávik, sem fela í sér ósamræmi, hafi verið til lykta leidd, og tilkynna lögbæra yfirvaldinu um það.
5. Að því er varðar c-lið getur Flugöryggisstofnunin óskað eftir því að lögbæra yfirvaldið leggi fram sönnunargögn eða nánari skýringar. Flugöryggisstofnunin getur einnig ákveðið að sannreyna framkvæmdina á vettvangi með því að beita eftirliti.
6. Þegar frávik, sem fela í sér ósamræmi, falla undir málsmeðferðina við brot, skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, eða sáttmálann, skal Flugöryggisstofnunin tryggja viðeigandi eftirfylgni í samráði við framkvæmdastjórnina og ekki leiða nein frávik til lykta án þess að ráðfæra sig fyrst við framkvæmdastjórnina.

18. gr.

**Flokkun frávikanna**

1. Flugöryggisstofnunin skal flokka og tilkynna um öll frávik, sem fela í sér ósamræmi og koma í ljós innan ramma eftirlits hennar, sem um getur í 10. gr., hvort sem frávikin varða stjórnsýslukröfur eða tæknilegar kröfur, í einn af eftirfarandi flokkum:

- a) Flokkur C: ósamræmi við gildandi kröfur, sem gefur fyrst og fremst tilefni til að ætla að um sé að ræða vandamál tengd stöðlun,
  - b) Flokkur D: ósamræmi við gildandi kröfur, sem gefur tilefni til að ætla að um sé að ræða vandamál tengd stöðlun og öryggi, ef ekki er bætt úr þeim tímanlega,
  - c) Flokkur G: aðkallandi öryggisvandi.
2. Forgangsraða skal skýrslugjöf, eftirfylgni og þegar frávik eru til lykta leidd, með hliðsjón af flokkun þeirra.

19. gr.

#### Aðkallandi öryggisvandi

1. Þegar Flugöryggisstofnuninni hefur verið tilkynnt um aðkallandi öryggisvanda:
- a) skal hún óska eftir að lögbæra yfirvaldið grípi til viðeigandi aðgerða til úrbóta, þ.m.t. tafarlausra úrbóta,
  - b) skal lögbæra yfirvaldið beita skilvirkum leiðréttingum til að uppræta frávik og leggja sönnunargögn fyrir Flugöryggisstofnunina því til stuðnings.
2. Flugöryggisstofnunin getur, innan tveggja vikna frá tilkynningunni um aðkallandi öryggisvanda, óskað eftir því að lögbæra yfirvaldið sitji fund til að meta framkvæmd tafarlausra leiðréttinga.
3. Þegar Flugöryggisstofnunin telur að leiðréttingarnar séu ekki fullnægjandi skal hún gefa út tilmæli til framkvæmdastjórnarinnar, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, beiðni varðandi gagnkvæma viðurkenningu eins eða fleiri vottorða sem lögbæra yfirvaldið gefur út. Flugöryggisstofnunin skal einnig tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld aðildarríkjanna um það.

20. gr.

#### Skrár

1. Flugöryggisstofnunin skal koma á fót kerfisbundnu skráhaldi sem felur í sér viðunandi geymslu, aðgengi og að unnt sé að rekja breytingar með áreiðanlegum hætti að því er varðar:
- a) þjálfun, menntun og hæfi og umboð hópstjóra og þeirra sem sitja í hópnum,
  - b) eftirlitsáætlanir,
  - c) skýrslur,
  - d) frávik og tilheyrandi sönnunargögn,
  - e) samþykktar leiðréttingar og aðgerðir til úrbóta,
  - f) að leiða til lykta frávik, sem fela í sér ósamræmi, og tilheyrandi sönnunargögn,
  - g) tilmæli varðandi gagnkvæma viðurkenningu vottorða,
  - h) mat sem um getur í b-lið 1. mgr. 7. gr.
2. Öll gögn skulu geymd í minnst 15 ár, sbr. þó gildandi lög um gagnavernd.

21. gr.

#### Aðgangur að upplýsingum í eftirlitsskýrslum

1. Þegar upplýsingar í eftirlitsskýrslu varða fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, samkvæmt öryggiseftirliti í þriðja landi, og falla undir gildissvið samnings í Sambandinu, sem er gerður skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, skal þriðja land hafa aðgang að þessum upplýsingum eins og það væri aðili að slíkum samningi í samræmi við viðeigandi ákvæði þess.
2. Þegar upplýsingar í eftirlitsskýrslu falla undir gildissvið samstarfssamkomulags á milli Sambandsins og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, skal Alþjóðaflugmálastofnunin hafa aðgang að þessum upplýsingum í samræmi við ákvæði þessa samstarfssamkomulags og tilheyrandi viðauka um öryggi.
3. Þegar upplýsingar í eftirlitsskýrslu varða yfirstandandi öryggisrannsóknir, sem fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010<sup>(20)</sup>, skal yfirvaldið, sem fer með öryggisrannsóknina, tafarlaust fá aðgang að þessum upplýsingum.
4. Að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2011<sup>(21)</sup> skal ferli við ákvarðanatöku í tengslum við eftirlitsskýrslu ekki teljast lokið fyrr en frávik, sem fela í sér ósamræmi, hafa verið til lykta leidd.

22. gr.

#### Viðbótaraðgerðir

1. Flugöryggisstofnunin skal greina öll tilvik þar sem vanrækt hefur verið að fylgja eftir frávikum, sem felur í sér ósamræmi, t.d.:
- a) þegar aðgerð til úrbóta hefur ekki verið lögð fram innan tímabilsins sem um getur í 1. mgr. 17. gr.,
  - b) þegar Flugöryggisstofnunin hefur ekki samþykkt aðgerð til úrbóta innan tímabilsins sem um getur í b-lið 4. mgr. 17. gr.,
  - c) þegar aðgerð til úrbóta hefur ekki verið framkvæmd á viðeigandi hátt.
2. Í tilvikunum, sem um getur í 1. mgr., skal Flugöryggisstofnunin óska eftir að lögbært yfirvald gefi skýringar á vanrækslunni og leggi fram viðbótaraðgerðir ásamt tímamörkum um viðbrögð.
3. Flugöryggisstofnunin skal meta afleiðingar vanrækslu ásamt viðbrögðunum, sem lögbæra yfirvaldið hyggst grípa til, innan tilskilinna tímamarka. Á grundvelli niðurstöðu slíks mats getur Flugöryggisstofnunin:
- a) samþykkt viðbótaraðgerðirnar, sem voru lagðar fram, eða
  - b) gefið út og lagt viðbótarskýrslu fyrir hlutaðeigandi lögbært yfirvald og framkvæmdastjórnina. Skýrslan skal fela í sér mat Flugöryggisstofnunarinnar og tilmæli til framkvæmdastjórnarinnar, þ.m.t., þegar það telst nauðsynlegt, tilmæli um gagnkvæma viðurkenningu á einu eða fleiri vottorðum sem lögbæra yfirvaldið gefur út.

<sup>(20)</sup> Stjótið. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35.

<sup>(21)</sup> Stjótið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.



4. Framkvæmdastjórnin getur gripið til eftirfarandi ráðstafana í kjölfar móttöku viðbótarskýrslunnar, sem um getur í b-lið 3. mgr., án þess að það hafi áhrif á reglugerð (EB) nr. 2111/2001:

- a) sent hlutaðeigandi aðildarríki athugasemdir eða fara fram á frekari upplýsingar til að skýra frávik, sem fela í sér ósamræmi, að öllu leyti eða að hluta til,
- b) krafist þess að Flugöryggisstofnunin framkvæmi sérstakt eftirlit til að ganga úr skugga um að leiðréttingar og aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar með fullnægjandi hætti,
- c) hafið málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, til að ákveða hvort vottorð, sem lögbæra yfirvaldið gefur út, uppfylli gildandi kröfur,
- d) hafið málsmeðferðina skv. 258. gr. sáttmálans.

23. gr.

#### Ársskýrsla

Flugöryggisstofnunin skal, eigi síðar en 31. mars ár hvert, leggja fyrir framkvæmdastjórnina ársskýrslu um starfsemi stöðugrar vöktunar og eftirlitið sem var framkvæmt næstliðið ár. Skýrslan skal fela í sér greiningu á niðurstöðum starfseminnar og eftirlitsins og endurspegla hæfni lögbærra yfirvalda til að gæta ábyrgðar á sviði eftirlits með öryggi sem og tilmæli um hugsanlegar úrbætur. Í tilmælunum skal tilgreina sérstaklega tæknireglurnar, sem þarf að ákvarða eða breyta, samkvæmt b-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, og ráðstafanir Flugöryggisstofnunarinnar sem þarf að ákvarða eða breyta samkvæmt c-lið 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júní 2013.

24. gr.

#### Starfsreglur

Flugöryggisstofnunin skal endurskoða starfsreglur sínar til að framkvæma verkefni, sem henni eru falin skv. 3. – 23. gr., eigi síðar en innan sex mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar.

25. gr.

#### Umbreytingarfyrirkomulag

1. Litið skal svo á að frávik, sem fela í sér ósamræmi, sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 736/2006, og þar sem ekki hafa verið lögð sönnunargögn fyrir Flugöryggisstofnunina um að frávikin hafi verið til lykta leidd við gildistöku þessarar reglugerðar, hafi verið tilgreind í samræmi við þessa reglugerð og skal meðhöndlun þeirra vera til samræmis við það.

2. Litið skal svo á að áætlanir um aðgerðir til úrbóta, sem Flugöryggisstofnunin samþykkir, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 736/2006, hafi verið samþykktar í samræmi við þessa reglugerð.

3. Litið skal svo á að þeir sem sitja í hópnum sem og hópstjórar, sem hafa verið viðurkenndir af hálfu Flugöryggisstofnunarinnar, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 736/2006, séu viðurkennt starfsfólk samkvæmt þessari reglugerð.

26. gr.

#### Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 736/2006 er felld úr gildi.

27. gr.

#### Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 1. janúar 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO